

Nd.

695. Frumvarp til laga

[124. mál]

um Tækniskóla Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed., 4. maí.)

Samhljóða þskj. 167 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Tækniskóli Íslands starfar í Reykjavík og á Akureyri, sbr. 3. mgr. 7. gr. Meginmarkmið skólans skal vera að veita nemendum tæknilega og almenna menntun, sem geri þá hæfa til að takast sjálfstætt á hendur tæknileg störf og ábyrgðarstöður í þágu atvinnuvega þjóðarinnar. Skal jafnan tekið mið af þróun tæknimenntunar meðal nágrannabjórða.

Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

7. gr. hljóðar svo:

Heimilt er skólanum að veita nemendum, sem fullnægja bóklegum og verklegum inngönguskilyrðum, allt að tveggja ára undirbúningsmenntun undir tæknifræðinám, og skal fyrri ár þess náms fara fram í undirbúningsdeild, en hið síðara í raungreinadeild. Hlutverk þessara deilda er að veita þekkingu og leikni í undirstöðuatriðum tæknifræðináms, einkum í stærðfræði og eðlisfræði.

Heimilt er að starfrækja undirbúningsdeild skólans á Ísafirði og á öðrum þeim stöðum, þar sem slíkt þykir henta.

Á næsta skólaári og framvegis skal starfrækt á Akureyri undirbúningsdeild og raungreinadeild. Stefnt skal að því, að á Akureyri verði sjálfstæður tækniskóli, og getur ráðherra ákveðið það með reglugerð.

Ákvæði til bráðabirgða (á eftir 13. gr.) hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Menntamálaráðherra skal beita sér fyrir því, að undirbúin verði ný löggjöf um skipulag verk- og tæknimenntunar á framhaldsskóla- og háskólastigi. Skal m. a. taka til athugunar, hvort ráðlegt sé, að stofnaður verði tækniháskóli og taki hann við öllu tæknifræðinámi, sem nú fer fram í Tækniskóla Íslands, og verkfræðinámi Háskóla Íslands. Ráðherra skal jafnframt láta rannsaka ýtarlega, hvort ekki sé tiltækilegt, að tækniháskóli verði starfræktur á Akureyri.